



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 131/247

komudagur 29. 11. 2004

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. nóvember 2004
Tilvísun: 2004110010

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma, 160 mál.

Markmið laganna er að veita Póst- og fjarskiptastofnun heimild til að úthluta tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma hér á landi og tryggja með því virka samkeppni á íslenskum farsímamarkaði við úthlutun tíðnanna.


Umrætt frumvarp var fyrst lagt fram á síðasta þingi en ekki náðist að ljúka afgreiðslu þess þá. Er það því lagt fram að nýju og hefur það tekið miklum breytingum til batnaðar frá frumdrögum þess.

Almennt má segja að á Íslandi hafi ekki ríkt virk samkeppni á fjarskiptamarkaði. Aðstæður á markaðnum hafa að vísu breyst mikið á undanförunum árum og hafa mörg fyrirtæki fengið rekstrarleyfi. Síðustu tvö ár hefur á hinn bóginn orðið samþjöppun og nú eru svo komið að aðeins tvö fyrirtæki eru eftir á farsímamarkaðnum. Það er því erfitt að sjá að virk samkeppni muni ríkja við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóða farsíma. Íslenskur fjarskiptamarkaður er fámennur í alþjóðlegum samanburði, jafnframt því að hann er mjög dreifður og kostnaður við uppbyggingu dreifinetsins er mikill. Það er því ekki á færi nema örfárra fyrirtækja að bjóða þjónustu fyrir þriðju kynslóða farsíma. Það er því fyrirsjáanlegt að áfram muni ríkja fákeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimt verði gjald fyrir hverja tíðniúthlutun. Þetta gjald mun að öllum líkindum draga úr samkeppninni á markaðnum frekar en að auka hana, þar sem gjaldið mun virka sem markaðshindrun fyrir minni fyrirtæki. Hins vegar má færa rök fyrir því að hagkvæmt sé að innheimta hóflegt gjald fyrir tíðniúthlutun þar sem tíðnirófið er takmörkuð auðlind og mikilvægt er að stýra aðgengi að henni og tryggja hagkvæmustu nýtingu hennar. Í frumvarpinu er lagt til að gjaldið verði 190 millj. kr. eða 2.655 kr á íbúa og verður að teljast nokkuð hátt í samanburði við önnur norðurlönd. Sem dæmi má nefna þá er ekkert tíðnigjald innheimt í Finnlandi og Svíþjóð. Í Noregi er það um 973 kr á íbúða en hæst er það í Danmörku 7.808 kr á íbúa. Í greinagerð með frumvarpinu kemur hvergi fram ástæðan fyrir því að

umrædd upphæð er valin fremur en önnur. Ljóst er að fákeppni mun ríkja á fjarskiptamarkaðnum í náninni framtíð og að verð verður nokkuð hærra heldur en við skilyrði virkrar samkeppni. Alþýðusambandið telur því mikilvægt að umræddu tíðnigjaldi verði stillt í hóf því að á endanum eru það neytendur sem greiða fyrir það.

Í frumvarpinu eru ákvæði um útbreiðslu þriðju kynslóða farsímakerfisins og lögð á það áhersla að það fái sem víðtækasta útbreiðslu. Til að tryggja að útbreiðslan verði almenn og aðgengileg um allt land er gerð krafa um að þjónustan nái að minnsta kosti til 60% íbúa á fyrirfram skilgreindum svæðum. Jafnframt er gefin afsláttur af tíðnigjaldinu ef útbreiðslan verður meiri en lágmarkskrafan segir til um. Þessu fagnar Alþýðusambandið enda hefur það lagt áherslu á að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að grunnþjónustu eins og fjarskiptaþjónustu.

F. h. Alþýðusambands Íslands,


Ingunn S. Þorsteinsdóttir
hagfræðingur